



Ljóst set á botni Ladon dældarinnar

Stórt farvegakerfi stefnir ofan í dældina, sem er kölluð Ladon Valles, en vísindamenn telja að hún hafi eitt sinn fyllst af vatni áður en annar farvegur myndaðist til norðurs sem tæmdi hana. Opnu, ljósleitu setlögin eru vísbendingar um að í Ladon dældinni hafi myndast tjarnir og set fallið út.